

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Af hundum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. staflið b í 2. gr. samþykktar nr. 167/2000 um hundahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunda skal greiða leyfisgjald að upphæð kr. 3.520 á hvern hund og síðan árlega fyrirfram.

Ef endurnýja þarf merkisþjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.100.

Gjalddagi skal vera 20. febrúar ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötl-uðu.

3. gr.

Af þarfahundum á lögbýlum skal innheimta hundahreinsunargjald samkvæmt áföllnum kostnaði hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 10. desember 2009, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli samþykktar um hundahald í Húnaþingi vestra nr. 167/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 518/2008.

Hvammstanga, 5. janúar 2010.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2010